Neistinn

Fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna. 2. tbl. 10. árg. 2013

Efnisyfirlit

2 Efnisyfirlit og fréttir
3 Pistill formanns
4 Jólakort Neistans 2013
6 Gott málefni þarfnast fjármagns
7 Neistinn á netinu
8 Sorg er heilbrigðisvottur
10 Norrænir krakkar í Noregi
12 Ákveðin að lifa ekki í skugga hjartagallans
7 Foreldrar í félagsvist
7 Kringlan 25 ára safnaði einni milljón fyrir Neistann
8 Neistamet í Reykjavíkurmaraþoni
10 Norðurlandaþingið 2012
12 Mitt mesta áhugamál og verkefni í lífinu
18 Af þingi norðurlandanna
20 Söngur, hopp og skopp á sumarhátíð Neistans
22 Hlaupið heim til Ísafjarðar

• Útgefandi: Neistinn – Styrktarfélag hjartveikra barna.
• Ritstjóri: Páll Kristinn Pálsson.
Netfang: pallkristinnpalsson@gmail.com
• Ábyrgðarmaður: Guðrún Bergmann Franzdóttir.
• Forsíðumynd: Helga Linnet.
• Umbrot: hskj
• Prentun: Prentsmiðjan Viðey
• Heimilisfang: Síðumúla 6, 108 Reykjavík.
Sími 552-5744, www.neistinn.is - neistinn@neistinn.is
• Fræðsluvefur Neistans: www.hjartagattin.neistinn.is

Fréttir

Jólaball Neistans 2013

Hið geysivinsæla árlega jólaball Neistans verður að þessu sinni haldið sunnudaginn 8. desember í safnaðarheimili Grensáskirkju frá klukkan 14 – 16. Sígild skemmtiatriði verða á sínum stað, sungið og dansað kringum jólatréð með jólasveininum og góðar veitingar á boðstólum. Allir í jólaskapið!

Stjórn Neistans

Núverandi stjórn Neistans: Aftari röð, f.v. Olga María Hermannsdóttir (meðstjórnandi) og Karl Roth (ritari). Fremri röð, f.v. Fríða Björk Arnardóttir (varaformaður), Dagný Laxdal (meðstjórnandi), Guðrún Bergmann Franzdóttir (formaður) og Guðný Sigurðardóttir (gjaldkeri). Á myndina vantar Ellý Ósk Erlingsdóttir (meðstjórnandi).

Styrkjum hjartaþræðina

Á Alþjóðlega hjartadeginum 29. september síðastliðinn fagnaði Hjartaheill 30 ára afmæli sínu. Af því tilefni ákváðu samtökin ásamt Neistanum að ráðast í þjóðarsöfnun fyrir nýju hjartaþræðingartæki sem staðsett verður á hjartadeild Landspítalans. Átakið ætti ekki að hafa farið framhjá landsmönnum þar sem það hefur verið rækilega auglýst í fjölmiðlum með yfirskriftinni :

Styrkjum hjartaþræðina.

Þörfin fyrir nýtt hjartaþræðingartæki er fyrir löngu orðin afar brýn. Tækið sem nú er í notkun á Landspítalanum er orðið sextán ára gamalt, en vanalega eru svona tæki í mesta lagi notuð í átta ár, svo það er einungis tímaspursmál hvenær notkun þess verður alfarið hætt. Til að ítreka þörfina fyrir tækið má benda á eftirfarandi:

- 270 manns eru í dag á biðlista eftir hjartaþræðingu.
- 200 aðgerðir eru framkvæmdar í hverjum mánuði.
- Rúmlega 700 Íslendingar látast árlega af völdum hjarta- og æðasjúkdóma.
- 50 til 70 börn fæðast árlega með hjartagalla.

Hjartaþræðingartæki er mjög mikilvægt við greiningu og skoðun hjartagalla í börnum. Það gerir einnig kleift að framkvæma flestar minni hjartaaðgerðir á börnum hér á landi. Þetta eru aðgerðir sem annars þyrfti að framkvæma í útlöndum svo beinn og óbeinn sparnaður í þeim tilfellum nemur samtals mörgum milljónum á hverju ári.

Fyrir utan fjárhagslega hagkvæmni til lengri tíma litið er ekki síst mikilvægt að hafa í huga að tækninni hefur fleytt gífurlega fram á undanförnum sextán árum. Gæði aðgerða og þar með velferð einstaklinganna mun því batna verulega með tilkomu nýs hjartaþræðingartækis af fullkomnustu gerð.

Sem fyrr segir er þessu átaki beint til allrar þjóðarinnar og hægt er að leggja fé til söfnunarinnar með þrennum hætti.

LEIÐ 1:

Valgreiðslur sem birtast í **heimabönkum** elsta íbúa hvers heimilsfangs í landinu.

LEIÐ 2:

Styrktarsímanúmer
907-1801 - 1000 kr. framlag
907-1803 - 3000 kr. framlag
907-1805 - 5000 kr. framlag

LEIÐ 3:

Leggja inn á reikning söfnunarinnar. Hentar fyrirtækjum og öðrum sem vilja láta meira af hendi rakna.

0513-26-1600
kt: 511083-0369

Það eru fleiri félög og sjóðir en Hjartaheill og Neistinn sem munu koma að kaupum á hjartaþræðingartækinu sem söfnunarátakið snýst um. Það kostar líka heilar 180 milljónir króna. Markmiðið er að koma tækinu upp á hjartadeild Landspítalans um áramótin og mun söfnunin standa yfir þangað til. Við trúum því að þetta takist og hvetjum velunnara okkar til að leggja átakinu lið. Stjórn Neistans og stjórn Styrktarsjóðs Neistans hafa þegar ákveðið að leggja 2 milljónir til söfnunarinnar.

Margt smátt gerir eitt stórt!

Hjartanskveðjur
Guðrún Bergmann Franzdóttir

Jólakort Neistans 2013

Í haust leitaði Neistinn til hjartabarna og systkina þeirra um hugmynd að jólakorti samtakanna fyrir árið 2013. Efnt var til eins konar samkeppni og bárust átta tillögur.

Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, var fenginn til að meta listaverkin og velja tvær myndir sem henta mundu á jólakort. Hann segir m.a. í umsögn sinni:

„Álit mitt er að eitthvað gott sé í öllum tillögunum en tvær henti best fyrir tilgang félagsins og jólakortaútgáfu. Ég geri ekki upp á milli þeirra - þær eru jafnhentugar hvor á sinn hátt.

Mynd af engli að joggla með snjókorn og hjörtu: Hér er bara fegurð á ferðinni. Góðlátlegur engill lyftir upp snjókristöllum og hjörtum: Sannkallað hamingjusáldur. Galdur engilsins á ferð. Falleg skilaboð á réttri stund.

Mynd af læðu með tvo kettlinga við jólatré: Bláeyg læða með jólaborða - og tvo kettlinga. Móðirin er túlkuð sem gjöfin. Þessi mynd sýnir hlýju jólanna, móðurhlýju en þó sérstaklega hjartahlýju. Falleg skilaboð á réttri stund.“

Kortin eru seld 10 saman í búnti, fimm af hvoru og umslög fylgja með. Verðið er aðeins 1.500 krónur fyrir búntið. Hægt er að nálgast kortin á skrifstofu Hjartaheilla að Síðumúla 6, efri hæð í húsi SÍBS. Einnig símleiðis í 552 5744 eða á heimasíðunni **www.neistinn.is**

Verðlaunamyndirnar sem prýða jólakortin: Galdur engilsins eftir Söru Kareni Jóhannesdóttur hjartasystur og Hlýja jólanna eftir Heklu Karlsdóttur Roth hjartabarn.

Hér má sjá Godd í þungum þönkum við að greina myndirnar, skoða þær og meta. Við skiljum vel að honum hefur verið vandi á höndum við að velja tvær myndir á jólakort ársins þegar við sjáum hinar bráðfallegu tillögur sem bárust en þær má allar finna hér á síðunni.

Íslandsbanki

Gó'a Stofnað 1968

ICELANDAIR GROUP

Birgir Hrafn Kjartansson, 5 ára hjartabróðir teiknaði þessa mynd.

Ásgeir Valur Kjartansson, 9 ára hjartastrákur, teiknaði þessa mynd.

Víkingur Traustason, 8 ára, fór í sína fjórðu aðgerð fyrir skömmu og fannst tilvalið að senda okkur mynd. Hún er af jólasveini með hjartagangráð en Víkingur getur ekki lifað án slíks tækis og er háður honum 100% alveg eins og ljósið á jólatrénu.

Sara Karen sendi líka inn þessar tvær fallegu englamyndir.

PRENTSMIÐJAN VIÐEY
Sími 577 4646 - videy@videy.is

HB GRANDI

icepharma
Bætt líðan • Betra líf

Gott málefni þarfnast fjármagns

Neistinn er styrktarfélag hjartveikra barna og aðstandenda þeirra. Starfsemin gengur bæði út á að veita þeim félagslegan stuðning og fjárhagslega styrki eftir mætti, þar sem langvinn veikindi koma oft verulega niður á fjárhagsafkomu heimilanna.

Fjáröflun er því stór þáttur í starfi Neistans og fer fram með ýmsum hætti. En hægt er að styrkja starfið beint með framlagi á reikning okkar í Landsbankanum. Reikningsnúmerið er 0101-26-4995 og kennitala Neistans 490695-2309 .

Neistinn hefur einnig tekjur af sölu heillaskeyta og minningarkorta, sem afgreidd eru á skrifstofu Hjartaheilla í síma 552 5744 eða á heimasíðu okkar:
www.neistinn.is



Neistinn gefur nú út dagatal fyrir árið 2014. Er það fimmta árið í röð sem það kemur út, enda orðið að föstum lið á fjölmörgum heimilum. Eins og áður eru allar myndirnar í dagatalinu af hjartabörnum á aldrinum 0 - 18 ára. Þær er að þessu sinni teknar af ljósmyndaranum Helgu Linnet, sem gefur alla vinnu sína til málstaðar okkar og fær einlægar hjartans þakkir fyrir.

Dagatalið er hægt að kaupa á skrifstofu Neistans að Síðumúla 6, 108 Reykjavík, sími 552 5744. Einnig er hægt að panta það á heimasíðu okkar: www.neistinn.is

Verðið er aðeins 2000 krónur.

Fjáröflun í samstarfi við Stauk ber kostnað þessa blaðs.

STAUKUR
SJÁLFSALAR OG LEIKTÆKI

Neistinn á netinu

Í síðasta blaði ræddum við um upplýsingavef Neistans, Hjartagáttina (hjartagattin.neistinn.is). Vef sem ætlað er að vera staður þar sem finna má allar þær upplýsingar, tengdar hjartagöllum sem við höldum að skipti aðstandendur máli.

En hvað með Neistann sjálfan og starfsemi hans? Jú, aðalvefur Neistans, **www.neistinn.is** sinnir hagsmunamálum og félagslífi hjartabarna og fjölskyldna þeirra.

Mest ber á fréttum sem okkur tengjast, bæði af félagslífi okkar og hagnýtum hlutum, bæði frá Neistanum sjálfum og bara öllu því sem okkur finnst koma okkur við í samfélaginu öllu.

Á vefnum er hægt að **ganga í félagið**, styrkja það með **fjárframlögum**, skrá sig á **póstlista**, kaupa **minningarkort** Neistans og lesa **Fréttablað** félagsins nokkur ár aftur í tímann.

Á þjónustusíðunni er fjallað um **Styrktarsjóð** Neistans, en hann styrkir fjölskyldur hjartabarna fjárhagslega, m.a. vegna aðgerða erlendis. Þá eru þar upplýsingar um **orlofshús** fyrir félagsmenn og hvernig sækja má um þau.

Á Félagslífssíðunni eru það reglulegu uppákomurnar okkar sem eru til umfjöllunar, **jólaböllin, bingóin** o.þ.h. Þá er þar sérstaklega fjallað um unglingastarf Neistans en það hefur verið býsna vinsælt.

Fésbókarsíða Neistans, Neistinn Styrktarfélag Hjartveikra Barna

Svo erum við náttúrulega á Fésbókinni. Þar geta allir orðið vinir okkar. Á Fésbókinni spjalla menn um allt það helsta sem er í gangi og snertir hjartabörnin og Neistinn sér um að birta allar nýjustu fréttir.

Þá eru á síðunni fjölmargar **myndir** úr félagslífinu.

Akraneskaupstaður

LÖGREGLUFÉLAG REYKJAVÍKUR
Brautarholti 30, 105 Reykjavík, www.logreglufelag.is

Sorg er heilbrigðisvottur

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson

Vigfús Bjarni Albertsson er sjúkrahúsprestur á Barnaspítala Hringsins. Hann fæddist árið 1975 og ólst upp bæði í Reykjavík og Þingeyjarsýslu. Vigfús Bjarni er kvæntur Valdísi Ösp Ívarsdóttur, fíknifræðingi, og eiga þau þrjú börn. Vigfús Bjarni lauk embættisprófi í guðfræði árið 2001 og hafði starfað meðfram náminu sem lögreglumaður í Reykjavík. Árið 2003 lauk hann Mth. gráðu í sálgæslufræðum frá Luther Seminary í Bandaríkjunum og hefur starfað á Barnaspítalnum frá 2005.

Út á hvað gengur starf sjúkrahússprestsins?
Sjúkrahúsprestur vinnur einkum viðtalsvinnu á daginn, bæði við einstaklinga, fjölskyldur og starfsfólk.

Er hann alltaf á staðnum?
Eftir að sjúkrahúsin voru sameinuð í Reykjavík hefur sjúkrahúspresturinn dagvinnuskyldur á þeim stað sem hann vinnur, en svo tekur einn prestur næturvaktina á öllu sjúkrahússvæðinu.

Er mikil þörf fyrir sjúkrahúspresta?
Já, eins og tölur sýna er þjónusta þeirra mikið notuð allan sólarhringinn.

Hver er munurinn á að starfa á barnadeild og deildum fyrir fullorðna?
Munurinn felst að mér finnst einkum í því að fjölskyldusamtölin eru mun fleiri á barnadeild en fullorðinsdeild, en má í vissum skilningi segja að þegar barn leggst inn á spítala fylgi öll fjölskyldan með því.

Hvernig takið þið á andláti barns?
Það er enginn munur á því hvernig við tökum á andláti hjartveiks barns eða barns sem deyr af völdum einhvers annars sjúkdóms. Við erum að fást við mismunandi aðstæður, stundum er aðdragandi að andlátinu, stundum enginn aðdragandi. Það er alveg sama hver missirinn er, hann kallar alltaf á eftirfylgd, en þó er margt sem bendir til þess að eftirfylgnin þurfi jafnvel að vera meiri þegar börn eru annars vegar, því við erum að tala um ferli sem tekur langan tíma. Grunnvinnulagið er að hlúa þarf bæði að einstaklingunum og fjölskyldum þeirra.

Hvernig snýr það að foreldrunum?
Góð sorgarvinna snýst um að makar séu saman í aðstæðunum og hlúi hver að öðrum og skynji ólík sorgarviðbrögð sín án samanburðar. Við getum hjálpað fólki til að tala saman. Það er ekki til nein sorgarmeðferð sem getur fjarlægt sársauka, en það er til meðferð sem getur búið um sársauka. Það þarf að taka umhverfið inn í myndina, systkini, ömmur og afa og svo framvegis. Stundum er aðdragandi og þá byrjar sorgarferlið áður en hinn eiginlegi missir á sér stað. Það gerir hlutina ekki auðveldari, það er bara aðeins annað ferli. Það munur á að nálgast fólk þegar það er að upplifa áfallið, þá verður ákveðið tengslarof tímabundið, það er eðli áfalls. Þegar fólk fer að ganga inn í hina eiginlegu sorg er það komið í vissa tengslavinnu, farið að vinna í málunum og það er erfitt tímabil og krefst þess að ákveðin samfylgd sé til staðar á meðan það varir. Svo sjáum við að sorgarhópar gera sitt gagn, það er rannsakað og sannað á heimsvísu. Sem betur fer eigum við marga góða sorgarhópa en við eigum engan hóp sem tekur á sértækum málum eins og hjartaveikindum, eða slysum eða krabbameini svo dæmi séu tekin. En við eigum hópa sem takast á við missinn sem slíkan.

Þarf fólk að bera sig sjálft eftir aðstoð þegar áföll verða eða er því boðin aðstoð?
Alltaf þegar vátíðindi verða hér á barnaspítalanum er strax kallað til fjölskyldufundar, en grundvallaratriði er að fólk vilji halda slíkan fund. Við eigum frumkvæðið sem hjálparaðilar og þeim sem verða fyrir áfalli er strax gerð grein fyrir hvað stendur þeim til boða til að takast á við það. Það hefst ákveðið vinnuferli sem fólk getur gengið inn í – og það getur síðan gengið út úr því aftur hvenær sem því sýnist. En það er engin áfallavinna unnin í þögn.

Hefur þetta fyrirkomulag lengi verið til staðar á spítalanum?
Ég þekki ekkert annað.

Fer fólk eins í gegnum sorgarferlið?
Nei, það gerir það ekki. Ég myndi orða það þannig að líðan fólks sé í sjálfu sér mjög lík en að tjáningarformin

FASTUS
ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON
Kringlan

séu talsvert ólík. Það má ekki rugla saman tjáningu og líðan. Tjáning er aðferð okkar til að takast á við líðan. Maður sér að fjölskyldur sem hafa náð að stunda opin tjáskipti, en stunda ekki hugsanalestur, þær eru mjög farsælar í sínu ferli og þegar ég segi farsælar á ég ekki við að það sé auðvelt, eða tilfinningalaust, heldur að það komist vel í gegnum það. Hins vegar sér maður alls konar birtingarform á því hvernig fólk tekst á við sorgina. Stundum sér maður einstaklinga lenda í heilmiklum brotsjó í kringum þetta og stundum sér maður fólk tilbúið að vinna í sínum málum dálítið eftir á, en maður veit að í öllum fjölskyldum er þörf fyrir sorgarvinnu. Það þarf að hlúa að fjölskyldunum, það þarf að sinna þeim. Sorg virðist vera fyrirbæri sem við getum slegið á frest en við getum aldrei sleppt henni. Og mér finnst að fólk, bæði syrgjendur og þeir sem eru í umhverfi syrgjenda, sé oft svo óþolinmótt. Dauðinn truflar nútímamanninn, hann minnir okkur á eigin endanleika og það truflar okkur að sjá fólk ekki ná einhverjum þeim stað sem við teljum æskilegt, þannig að syrgjendur eru oft að mæta mikilli óþolinmæði, bæði á vinnustöðum og í eigin fjölskyldukerfum, vinahópum og öðru slíku. Það er mjög algeng reynsla.

Sr. Vigfús Bjarni í kapellu Barnaspítala Hringsins. „Oft á tíðum glímir fólk við sektarkennd sem er ein orkufrekasta tilfinning mannskepnunnar.“

Er kallað á patentlausnir?

Góð sorgarvinna tekur á erfiðleikunum en hún fjarlægir ekki á augabragði erfiða og sára líðan. Patentlausnir eru ekki til. Marga getur langað í sorgarpilluna en þann dag sem við tökum hann erum við ekki lengur mennsk. Mér finnst alltof oft gleymast að sorg sem fyrirbæri er heilbrigðisvottur. Hún er merki um það að manneskjan sé heilbrigð. Þetta er tengslaferðalag, maður þarf að endurskilgreina tengsl sín við þann sem er farinn og þar með tengslin við sjálfan sig og annað fólk.

Hefurðu lent í að tala við fólk sem þarf að binda endi á meðgöngu vegna þess sem komið hefur fram í sónarskoðun?

Ég hef hitt fólk sem fengið hefur þau tíðindi að hugsanlega sé það mikill galli á ferðinni að það er boðið upp á þann valkost. En það er engum sagt að gera neitt.

Er það öðruvísi sorg en þegar barnið hefur fæðst? Er auðveldara að takast á við það þegar bundinn er endi á meðgönguna?

Ég myndi orða það þannig að það væri tilfinningalegt ferli sem geymdi fullt af tilfinningum sem eru sameiginlegar, en það koma líka hugsanir sem eru ekki sameiginlegar. Til dæmis kemur tilfinning – sem hefur ekkert að gera með það hvort ákvörðunin hefur verið rétt eða röng – en oft á tíðum glímir fólk við sektarkennd sem er ein orkufrekasta tilfinning mannskepnunnar. Það er ákveðin úrvinnsla sem þarf að eiga sér stað og maður rökræðir ekki sektarkennd, en í slíkum tilfellum er mjög mikilvægt að makar séu sammála um þá leið sem hefur verið valin. Það skiptir líka máli að heilbrigðisstarfsfólk sé ekki að þrýsta á einn né neinn. Og að annar makinn þrýsti ekki á hinn, heldur að fólk taki sameiginlega ákvörðun sem byggi á upplýstum forsendum. Mér finnst fólk yfirleitt gera þetta mjög vel, taka þessa ákvörðun í sameiningu. Þetta er mjög flókið mál og þar gilda engar endanlegar reglur um hvað sé rétt og hvað rangt. Það eru allir að gera sitt besta til að taka sem besta ákvörðun miðað við mögulegar aðstæður, og það þarf að hlúa að fólki við þessar aðstæður. Sýna því skilning og leyfa því svo að ganga þann veg sem það hefur valið. Það hefur margsýnt sig að þegar fólk gerir þetta saman og með opnum tjáskiptum þá eykur það líkurnar á því að því farnist vel í framhaldinu. Það er ekki hægt að nálgast þetta efni út frá einhverjum siðferðilegum sleggjudómum. Ég vil að endingu að það komi fram að reynsla mín af hjartalæknum í þessu húsi er gríðarlega góð. Mér finnst þeir nálgast fólk af mikilli virðingu og þekkingu og þeir eru mjög meðvitaðir um skjólstæðinga sína.

Landsvirkjun
BRIM
NA NORÐURÁL

Norrænir hjartakrakkar

Norrænu sumarbúðirnar voru að þessu sinni haldnar í Sandefjord í Noregi vikuna 21. – 28.júlí síðastliðinn. Eins og við höfum gert undanfarin ár sendi Neistinn þangað tíu unglinga á aldrinum 14 – 18 ára. Tveir fararstjórar fylgdu hópnum, þau Guðrún Bergmann Franzdóttir og Jóhannes Geir Rúnarsson.

Hópurinn var einstaklega heppinn með veður á meðan búðirnar stóðu yfir. Að vanda var dagskráin fjölbreytt og skemmtileg frá morgni til kvölds, farið í allskonar leiki og þrautir á svæðinu, sem var við fallegt stöðuvatn þar sem þátttakendur gátu brugðið sér út á kajak eins oft og þá lysti. Einnig var farið í bæjarferð og verslunarleiðangur og heimsóttur sundlaugargarður með flottum rennibrautum. Þetta var afar velheppnuð ferð, en í norrænu sumarbúðunum er aðalatriðið að kynnast krökkum frá hinum Norðurlöndunum sem fæddust með svipaða hjartagalla og okkar krakkar, skiptast á reynslusögum og víkka þar með sjóndeildarhringinn.

Næsta sumar verða norrænu sumarbúðirnar haldnar hér á Íslandi, eða vikuna 20. – 27. júlí næstkomandi. Þær verða staðsettar í námunda við Hveragerði og dagskráin verður rosalega skemmtileg, enda hefur Ísland upp á svo margt að bjóða – eins og við vitum öll! Fjöldi þátttakenda verður sem fyrr tíu og skilyrðið er að vera hjartabarn á aldrinum 14 – 18 ára, en það eru krakkar fæddir á árunum 1996 – 2000. Umsóknarfrestur er til mánudagsins 31. mars 2014 og eru áhugasamir hvattir til að senda sem fyrst netpóst á á **neistinn@neistinn.is** eða hringja í skrifstofu Neistans í síma 5525744.

inter Medica.

HS ORKA HF

í Noregi

Arion banki

Akraborg

BÓNUS

Ákveðin að lifa ekki

Með framförum í læknisfræði hefur á undanförnum áratugum fjölgað mjög í hópi þeirra einstaklinga með meðfædda hjartagalla sem ná fullorðinsaldri og langri ævi. Víða um lönd hafa orðið til félög fólks sem eiga þetta sameiginlegt og fagaðilar og einingar í heilbrigðiskerfinu sem sérhæfa sig í þjónustu við það. Alþjóðlegt samheiti þessa hóps er GUCH, sem er skammstöfun úr ensku fyrir Grown Ups with Congenital Heart defects, eða Fullorðnir með meðfæddan hjartagalla.

GUCH-félag hefur ekki verið til hér á landi, en nú er hafinn undirbúningur að stofnun þess og liður í því var þátttaka fjögurra ungra Íslendinga í norrænu GUCH-þingi, sem haldið var í Finnlandi dagana 17. – 20. október síðastliðinn. Ein þeirra er Anna Lísa Benediktsdóttir og Neistinn átti eftirfarandi spjall við hana og móður hennar, Ástu Hallsdóttur, á hlýlegu heimili fjölskyldunnar í Seljahverfinu í Reykjavík.

Anna Lísa fæddist 1. september 1990 og fór tæplega tveggja ára gömul í hjartaaðgerð í Boston í Bandaríkjunum – hver var forsagan að því?

Ásta: Anna Lísa fæddist með mjög alvarlegan hjartagalla. Það er ekki til eitt orð yfir hann – hann er svo flókinn og margþættur. Í fyrstu leit út fyrir að við þyrftum að fara út með hana strax því hún hrapaði svo ört í súrefnismettun. En svo hægði hún á sér, þannig að læknirinn okkar, Hróðmar Helgason, sá fram á að við gætum beðið með að fara út og það endaði sem sé þannig að hún var að verða tveggja ára þegar við flugum til Boston. Það varð henni eiginlega til happs að þurfa ekki að fara fyrr, þar sem þá var í raun hægt að framkvæma fullnaðaraðgerð á henni. Þetta var hjáveituaðgerð þar sem meðal annars goretexbót var sett á milli gáttar og hvolfs og skilið eftir gat á bótinni til að létta þrýstinginn eftir aðgerðina.

Við áttum síðan alltaf von á því að þurfa að fara aftur út í svokallaða regnhlífaraðgerð til að loka þessu gati. En svo fleygði tækninni fram og Hróðmar fór í nám til Svíþjóðar og lærði þessa tækni þannig að í febrúar 2007 ákvað hann að framkvæma þessa aðgerð á Önnu Lísu hér heima. Þá kom hins vegar í ljós annað og mun stærra gat við jaðar goretexbótarinnar sem ekki var vitað um áður.

Anna Lísa: Það var algjör tilviljun að það fannst þarna í þræðingunni.

Ásta: Og þá var ákveðið að fresta aðgerðinni og leggjast undir feld og setja sig í samband við læknana úti í Boston. Um vorið segir Hróðmar okkur að von sé á Stanton Perry hingað til lands. Stanton er einn færasti barnahjartalæknir í heimi og hefur gert aðgerðir á mörgum íslenskum börnum. Hróðmar segir að möguleiki sé á að Stanton geri aðgerðina á Önnu Lísu og okkur leist vel á það. Stanton kom svo í júlímánuði og þá tókst þeim að loka báðum þessum götum, sem var alveg magnað því það þurfti að loka þeim algjörlega samtímis og var ekki einfalt mál.

Þú manst auðvitað vel eftir þessu, Anna Lísa?

Anna Lísa: Já, þarna er ég að verða sautján ára. Ég var í menntaskóla þegar þetta var.

Hafði hjartagallinn hamlað þér í uppvextinum fram að þessu?

Anna Lísa: Fyrir mitt leyti þá fannst mér hjartagallinn aldrei hamla mér.

Var þér til dæmis hættara við að fá flensur?

Ásta: Hún var á sýklalyfjum alla sína leikskólagöngu. Hún mátti ekki byrja í leikskóla fyrr en hún varð þriggja ára og hún tók allar pestir þannig að hún var á sýklalyfjum. Seinna kom það öðrum læknum á óvart að Hróðmar skyldi hafa haft hana svona mikið á sýklalyfjum, en hann mat það einfaldlega þannig að hún hefði meira gagn af því en hitt. Og allt gekk svo sem vel. Það er hættulegt að verða veikur á þessum aldri í hennar ástandi.

Anna Lísa: Enn þann dag í dag fer ég á sýklalyf ef ég þarf að fara í einhverja aðgerð, til dæmis hjá tannlækni. Ég mátti heldur ekki fá göt í eyrun og svoleiðis þegar ég var yngri. En annars hafði þetta engin áhrif á mig. Ég var í leikfimi og skólasundi og gerði allt eins og skólasystkini mín. Ég æfði þó ekki íþróttir fyrir utan skóla, en fór í tónlistarnám í staðinn. Að því leytinu til var mér kannski

Anna Lís

lifa ekki í skugga hjartagallans

Viðtal: Páll Kristinn Pálsson
Myndir úr fjölskyldualbúminu

svolítið hlíft.

Anna Lísa lítur sposk á mömmu sína. Þær hlæja báðar.

Ásta: Já, Anna Lísa sagði að ég væri svo „hættunarsöm“, það var orðið hennar yfir verndunartilhneigingar mínar.

Já, heldurðu að þú hafir ofverndað hana?

Ásta: Ég hef örugglega ofverndað hana. Sérstaklega á fyrstu árunum, það gerist bara einhvern veginn af sjálfu sér. Við höfum hins vegar verið mjög meðvituð og ákveðin í því að byggja upp sterkan einstakling og lifa ekki í skugga hjartagallans. Anna Lísa hefur líka alltaf verið mjög jákvæð og dugleg og tekist vel á við hlutina. Hún hefur svo fallega sjálfsmynd. Það hefur líka verið mjög náið samband milli hennar og eldri systkinanna, þau hafa alla tíð verið miklir vinir. Þannig að fjölskyldan hefur öll lagst á eitt í þessu sambandi. Hún hefur svo sannarlega verið gullmolinn okkar allra.

Anna Lísa: Þetta var eitt af því sem við fórum í gegnum á GUCH-þinginu úti í Finnlandi um daginn, að það er svo mikil tilhneiging til að vernda okkur sem fæðumst með hjartagalla. Hlífa okkur við áreynslu þótt við getum í sjálfu sér alveg gert hlutina – og jafnvel

s og Ásta.

Hróðmar og Anna Lísa, nokkrum dögum eftir aðgerðina í Boston.

haft gott af því. En hugmyndir fólks um hvað okkur sé fyrir bestu eru reyndar alltaf að breytast.

Ásta: Anna Lísa dró aldrei af sér, hún var mjög félagslynd og tók þátt í öllum leikjum og íþróttum sem jafnaldrar hennar voru í. Hún var einnig mjög sterkur námsmaður. Henni þótti hún aldrei vera neitt lasin, þótt skurðurinn hafi stundum truflað hana. Hún fékk ofholdgun í skurðinn og var svolítið viðkvæm fyrir honum. Við reyndum til dæmis að taka þátt í starfi Neistans, en henni fannst hún aldrei tilheyra þeim krakkahópi. Hún hafði þá tilfinningu að það væri ekkert að henni.

Anna Lísa: Ég þekkti náttúrulega ekki annað en að vera svona eins og ég er. Ég var ekkert öðruvísi en aðrir vinir mínir og já, mér fannst ég einhvern veginn ekki eiga samleið með krökkunum í Neistanum þegar ég var yngri. Ég hef bara lifað nokkuð venjulegu lífi, þótt ég hafi reyndar alltaf þurft að fara í eftirlit til Hróðmars tvisvar á ári.

Ásta: Við tókum þátt í stofnun Neistans árið 1995 og vorum með í ýmsum uppákomum, og mættum á jólaböllin lengi vel. En þegar Anna Lísa eltist og varð sjálfstæðari dró hún sig út úr þessu.

Í hvaða tónlistarnámi varstu Anna Lísa?

Anna Lísa: Ég lærði lengi á píanó í Tónlistarskóla Reykjavíkur og var á sjöunda stigi þegar ég hætti og hóf nám í Háskólanum.

Ásta: En svo lentirðu í heilmiklum hremmingum í fyrrasumar.

Anna Lísa: Já, það var mjög skrítið. Við vorum að fara í leikhúsið að sjá Vesalingana. Ég var að vinna í bókabúð á þeim tíma og fékk eitthvað svona þungt fyrir hjartað, átti erfitt með andardrátt en hélt það myndi bara hverfa og hélt áfram að vinna eins og ekkert væri. Svo kom ég heim og alltaf var þessi verkur til staðar og ég náði aldrei djúpöndun og leið allri eitthvað illa. En við vorum

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMIÐJA
www.pgv.is - sími: 510 9700

66°
NORÐUR

á leiðinni í leikhúsið og ég gerði mig klára, fór í kjól og hælaskó, en fannst svo réttast að hringja í hjúkrunarfræðing og spyrja út í þetta ástand á mér. Ég var farin að hugsa að þetta væri ekki alveg eðlilegt, það var líka einhver hræðslutilfinning við að ná ekki andanum. Svo var ég líka komin með verki út í handleggina þannig að ráðlegast þótti að fara bara beint á slysavarðstofuna.

Ásta: Ég var búin að hringja á læknavaktina. Við eigum að vera með beint samband við Hróðmar þegar eitthvað svona kemur upp, en svo hefur það breyst í tímans rás og orðið erfitt að ná í læknana. Ég vissi að hann var á bakvakt en einhvern veginn fengum við ekki að tala við hann …

Anna Lísa: Ég var orðin ansi smeyk og við ókum í loftköstum niðrá slysó. Þá var ég öll að blána upp og stífna og við fórum á bráðamóttökuna í Fossvogi. Eftir smá bið komst ég inn og var tengd við hjartalínurit og það allt saman og var þarna alveg langt fram á nótt. Mamma var alltaf að biðja um að fá samband við Hróðmar og ég var farin að grátbiðja um að fá að hitta hann. Það voru vissulega aðrir læknar á staðnum en í svona ástandi vill maður hafa sinn lækni. Þá voru einhverjar samskiptareglur og einhver læknir hafði milligöngu og talaði við Hróðmar sem gaf fyrirmæli um að eitt og annað yrði gert sem síðan var ekki gert. Ég var greind með millirifjagigt eða vöðvabólgu og fékk morfín til að stilla verkina.

Stúdína árið 2010, en þá útskrifaðist Anna Lísa af náttúrufræðibraut frá Kvennaskólanum í Reykjavík.

Ásta: Vakthafandi læknirinn spurði líka hvort hún væri ekki dugleg að hreyfa sig og gerði hálfpartinn lítið úr henni.

Hvernig endaði þetta svo allt saman?

Ásta: Við vorum ekki sáttar við þetta og fengum að hitta Hróðmar nokkrum dögum seinna. Hann greinir Önnu Lísu með gollurshúsbólgu, sem er ekkert grín og hún átti að taka það mjög rólega næstu daga og vikur. Mátti sem sagt ekkert vinna eða reyna á sig.

Anna Lísa: Hróðmar sýndi mér þetta á hjartalínuritinu og þetta var svo augljóst að hinn læknirinn hefði átt að sjá þetta, sem hann ekki gerði. Ég fór svo á bólgueyðandi lyf og þetta lagaðist.

Var þetta eitthvað tengt hjartagallanum þínum?

Anna Lísa: Nei, þetta var ekkert tengt honum og getur komið fyrir hvern sem er. Þetta mun víst vera meira tengt gigt en hjartasjúkdómum, segja læknarnir. En þetta var frekar óhugnanlegt, ef satt skal segja.

En hafið þið óttast í gegnum tíðina að eitthvað þessu líkt gæti gerst?

PIZZA ROYAL

BRAMMER
www.brammer.is

Fjölskyldumyndin var tekin á 30 ára brúðkaupsafmæli foreldra Önnu Lísu.

Anna Lísa: Nei, ég hef aðallega hugsað sem minnst um að ég væri með hjartagalla.

Ásta: Við höfum aldrei alið upp í henni að hún sé einhver sjúklingur. En auðvitað verið mjög meðvituð um hennar hjartagalla og þar af leiðandi gætt hennar enn frekar.

Anna Lísa: Ég hef bara aldrei litið á mig sem sjúkling. Það hefur allt gengið svo vel. Ég hef bara þurft að fara í þessa einu stóru aðgerð sem gekk vel. Þetta hefur örugglega verið mun erfiðara fyrir mömmu og pabba og systkini mín en mig.

En hvernig kom svo til að þú fórst á GUCH-þing?

Anna Lísa: Já, eins og ég sagði þá hef ég ekki tekið mikinn þátt í starfi Neistans og ekki hugsað mikið út í hjartagallann minn. Í seinni tíð hefur áhugi minn hins vegar vaknað á því að skilja hvaða fyrirbæri þetta er, hvað var nákvæmlega að hjá mér og hvernig það var lagað. Ég hef til dæmis öðru hvoru tekið fram myndaalbúmið frá því ég fór í aðgerðina úti í Boston og skoðað það með vaxandi áhuga vegna þess að ég veit svo lítið um þetta og man auðvitað ekki eftir neinu. Við höfum alltaf styrkt Neistann og fylgst með honum, og í byrjun ársins var ég á skrifstofunni að kaupa dagatal af Guðrúnu Bergmann formanni og spurði hvort það væri eitthvað í gangi fyrir fólk með hjartagalla sem væri orðið eldra en 18 ára, einhver fræðsla eða slíkt. Þá minntist hún á að það væru til samtök svona einstaklinga í öðrum löndum og það væri gaman að stofna slíka deild hér á Íslandi líka. Hún benti mér á að haldið yrði norrænt GUCH-þing í Finnlandi í október og að gaman yrði að senda nokkra einstaklinga héðan. Ég ákvað að skella mér með og við fórum út fjögur saman. Hin þrjú, Birkir, Aron og Margrét Ásdís hafa verið virk í starfi Neistans í gegnum árin, farið til dæmis í Norrænu sumarbúðirnar og haldið vel hópinn.

